



13. fundur stjórnar Byggðasafns Árnésinga var haldinn fimmtudaginn 19. september 2024 kl. 17 í sal Búðarstígs 22 á Eyrarbakka. Fundinn sátu Sandra Sigurðardóttir formaður, Þórhildur Dröfn Ingvadóttir varaformaður og Árni Eiríksson ritari. Fundinn sat einnig Lýður Pálsson safnstjóri sem skrifaði fundargerð. Fundargerðin var færð í tölvu. Þetta var tekið fyrir:

1. **Rekstur Byggðasafns Árnésinga 1.1.-31.8. 2024 og spá um endanlega rekstrarstöðu.** Yfirlit var lagt fram og rætt. Rekstur safnsins er í góðu jafnvægi.

2. **Starfsáætlun Byggðasafns Árnésinga árið 2025.** Starfsáætlunin var lögð fram og rædd. Gert er ráð fyrir sambærilegum rekstri og áður. Meðal nýmæla má nefna undirbúning að gerð nýrrar grunnsýningar í Assistentahúsinu.

3. **Verkáætlun viðhaldsframkvæmda.** Safnstjóri lagði fram yfirlit um viðhaldsframkvæmdir um þessar mundir og áætlaða viðhaldspörf næsta árs. Um þessar mundir er unnið að viðhaldsmálun Assistentahússins og tjörgun Hússins. Á næsta ári er gert ráð fyrir nýjum inngöngupalli í Húsið, viðgerð á skorsteini Assistentahússins auk fleiri smærri verkefna.

4. **Rekstraráætlun Byggðasafns Árnésinga árið 2025.** Rekstraráætlunin var lögð fram og var farið ítarlega yfir hana. Óljósir liðir eru laun og launakostnaður þar sem kjarasamningur háskólamenntaðra starfsmanna er laus. Fjármagnsgjöld eru einnig óljós liður sem sveiflast í takt við verðbólgu. Safnstjóra falið að kanna hjá endurskoðanda safnsins hvað hafi fallið á liðinn fjármagnsgjöld á fyrstu 8 mánuðum ársins. Þegar þær upplýsingar eru komnar mun stjórn safnsins funda aftur á Teams til að klára umræðu um rekstraráætlun.

5. **Starfsemin.** Undanfarnar vikur hafa fagmenntaðir starfsmenn safnsins unnið að verkefninu *Gullspor* sem er sýning í Sjóminjasafninu, söguganga um Eyrarbakka og greiningardagur. Höfundur sýningar og sýningarstjóri er Linda Ásdísardóttir. Á sýningunni eru kynntir gull- og silfursmíðir Árnessýslu og gull- og silfursmíði þeirra til sýnis. Á opunardeg sýningarinnar þann 6. september var einnig boðað til sögugöngu um slóðir gullsmíða á Eyrarbakka og var safnstjóri leiðsögumaður. Sýningin *Konurnar á Eyrarbakka* er í borðstofu og hefur Jónína Óskarsdóttir annar höfundur sýningarinnar verið með viðveru margar helgar í sumar sem hefur verið vel sótt. Unnið er að gerð áætlana og umsókna í sjóði. Um þessar mundir mála málara Assistentahúsið og tjörgun Hússins stendur fyrir dyrum. Í október verður greiningardagur á safninu þar sem allir geta látið sérfræðinga greina gull- og silfurgripi sína og gömul vasaúr. Einnig þátttaka í tónlistarhátíð og fyrirlestrar í Búðarstíg 22. Tekið er á móti hópum stórum og smáum og dagleg traffik þessa síðustu daga sumaropnunar betri en undanfarin sumar. Einnig er framundan þátttaka í Farskóla safnamanna á Akureyri í byrjun október.

6. **Næsti fundur.** Næsti fundur verður fjarfundur.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 18,30.

Sandra Sigurðard.
Þórhildur Ingvadóttir
Árnésinga